



1191. stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 8. maí 2019, kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 0. hæð.

Mætt voru: Ragnar Þór Ingólfsson, Anna Þóra Ísfold, Arnþór Sigurðsson, Bjarni Þór Sigurðsson, Björn Kristjánsson, Dóra Magnúsdóttir, Friðrik Boði Ólafsson, Guðrún Björk Hallbjörnsdóttir, Harpa Sævarsdóttir, Helga Ingólfssdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Sigmundur Halldórsson, Sigurður Sigfússon, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Árni Leósson sviðsstjóri sem ritaði fundargerð.

Gestir fundarins: Vigdís Jónsdóttir framkvæmdastjóri VIRK og Þórarinn Þórsson fagstjóri VIRK hjá VR.

Dagskrá:

1. Fundargerð 1190. stjórnarfundar VR lögð fram til samþykktar

Ragnar Þór lagði fram fundargerð 1190. stjórnarfundar VR til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana.

Fundargerðin var samþykkt og undirrituð.

2. Kynning á starfsemi VIRK

Gestur fundarins, Vigdís Jónsdóttir framkvæmdastjóri VIRK starfsendurhæfingaráætlun, tók nú til máls og sagði frá starfsemi VIRK og samstarfi VIRK og VR um starfsendurhæfingarþjónustu. Vigdís var með efni á slæðum og annar gestur, Þórarinn Þórsson, fagstjóri VIRK hjá VR, skaut einnig inn nokkrum áhugaverðum atriðum.

Í máli þeirra kom m.a. fram að í dag er heildarfjöldi einstaklinga í þjónustu hjá VIRK í VR 2.624 einstaklingar en hjá VIRK í heildina eru þeir 15.849. Varðandi umfang þjónustunnar þá eru um 50 ráðgjafar og 30 starfsmenn VIRK að veita beina þjónustu en keypt voru fjölbreytt úrræði á síðasta ári af um 560 þjónustuaðilum um allt land fyrir 1,3 milljarðar króna. Hver einstaklingur er með sérsniðna endurhæfingaráætlun og eru 70 – 100 mál einstaklinga rýnd af þverfaglegu teymi sérfræðinga í hverri viku.

Athygli vekur að mest fjölgun hlutfallslega er úr röðum háskólamenntaðra og að þeir sem útskrifast eru stöðugt með lengri tíma í þjónustu þar sem meðaltími 2017 var t.d. 14,4 mánuðir en var orðinn 15,7 mánuðir árið 2018. Þá er það einnig eftirtektarvert að skjólstæðingar eru 70% konur en 30% karlar en þess má geta að 80% einstaklinga sem koma til VIRK glíma við geðrænan vanda og/eða stoðkerfisvanda.

Varðandi starfsemina almennt þá var árið 2018 tekið í notkun nýtt upplýsingakerfi sem hefur það að markmiði að bæta þjónustu og auka öryggi



en sú innleiðing tók mikið á starfsmenn og kostaði mikla vinnu.

Gaman er að geta þess að VIRK var eitt af 15 fyrirmyndarfyrirtækjum VR í sínum stærðarflokki í launakönnun ársins 2018.

Svanhildur Ólöf mætti hér til fundar kl. 18:04

Loks fór Vigdís yfir ýmsa áhugaverða tölfræði og mat á árangri þar sem kom m.a. fram að 74% einstaklinga sem luku þjónustu fóru aftur í virka þátttöku á vinnumarkaði eða í nám. Ávinningur þessa árangurs árið 2018 er metinn á um 17,2 milljarðar króna samkvæmt útreikningum Talmakönnunar svo greinilega er til mikils að vinna að halda þessu starfi áfram í svo góðum farvegi.

Þá sýndi Vigdís áhugavert kynningarmyndband sem VIRK lét framleiða ásamt fleiri auglýsingum sem vöktu athygli almennings á síðasta ári.

Umræður.

Að loknum umræðum þakkaði Ragnar Þór þeim Vigdís og Þórarni fyrir þeirra kynningu og viku þau af fundi kl. 18:30.

3. Samþykkt á milli funda – kaup á orlofshúsum

Ragnar Þór óskaði nú eftir að fært yrði til bókar samþykki stjórnar milli funda sbr. tölvupóst frá Stefáni framkvæmdastjóra dags. 17. apríl 2019. Í tölvupóstinum var óskað eftir samþykki á tillögu framkvæmdastjórnar Orlofssjóðs VR um kaup á tveimur orlofshúsum í Hálöndum á Akureyri en um er að ræða 108,7 fm hús sem hvert kosta 43,9 m.kr. eða samtals um 88 m. kr. en við það mun bætast kostnaður við húsgögn, borðbúnað ofl. uppá um 3 – 4 m. kr. per hús.

Þá er óskað eftir samþykki fyrir kaupum á tveimur orlofshúsum í Svignaskarði í Borgarfirði en það eru ný 80fm hús sem kosta hvert hús 40 m. kr. en af því eru 3 m. kr. vegna kaupa á hluta í svæði og þjónustumiðstöð og samtals væri það því 80 m. kr. og síðan bætist við 3 – 4 m. kr. á hvert hús vegna húsgagna ofl.

Þessa tillögu framkvæmdastjórnar Orlofssjóðs VR samþykkti stjórn VR með svörum í tölvupóstum, milli funda.

Stefán lét ganga umboð til undirritunar stjórnarmanna svo hægt verði að ganga frá þessum kaupum.

4. Kjaramál – staðan

Ragnar Þór sagði að eftir kjarasamningahrinuna hafi róast á sviði kjaramála en það sem helst væri um rætt væri nýgerður kjarasamningur iðnaðarmanna. Í honum er bókun sem við gerðum alvarlega athugasemd við en hún er svo hljóðandi:

“Bókun vegna starfa iðnaðarmanna í verslunum.

Aðilar eru sammála um að þeir iðnaðarmenn sem starfa í verslunum og veita þjónustu tengdri menntun þeirra geti með samkomulagi við sinn atvinnurekanda haldið áfram aðild að fagfélögum sínum og greiða til þeirra sjóða sem tengjast viðkomandi fagfélagi þótt um ráðningarkjör fari að öðru leyti samkvæmt þeim kjarasamningi sem um starfið gildir.”

Hann tók þetta mál upp í Miðstjórn ASÍ í dag og kom sú ánægjulega niðurstaða í málið að iðnaðarmenn ætla sér að láta taka þessa bókun úr kjarasamningnum og hann fari því í kosningu hjá þeim án hennar. Þeir sögðu að þeim hafi ekki gegnið illt til en þetta sýnir að gott tilefni er til að fara vel í félagsaðildarmálin á vettvangi ASÍ eins og stefnt er að.

Á þessum Miðstjórnarfundum hafi svo m.a. verið rætt um hækkanir fyrirtækja á vörum og þjónustu í kjölfar kjarasamninganna og ætlar skrifstofa ASÍ að stilla upp aðgerðaráætlun og sett verður upp upplýsingasíða á vefnum um þessi fyrirtæki.

Nú hefst vinnan við eftirfylgni kjarasamnings þar sem sérstaklega þarf að fylgjast með efndum ríkisvaldsins á þeim málum er að þeim snýr. Ragnar Þór og Drífa hjá ASÍ eru í vinnu varðandi húsnæðismálin og eftirfylgni þeirra. VR mun svo stýra uppbyggingu og því að koma húsnæðisfélaginu Blæ af stað. Það eru því spennandi verkefni framundan á þessu sviði.

Umræður.

Hér stóðu fundarmenn á fætur og var sunginn afmælissöngur til heiðurs Hörpu sem á afmæli í dag.

Stefán lagði fram skjölin „*Minnisblað um fordæmisgildi tómlætisdóms*“, dags. 7. maí 2019 og „*Minnisblað um MSE vinkil tómlætisdóms*“ dags. 7. maí 2019 og ræddi í því samhengi hugtakið „tómlæti“ sem snýr að því að ef einhver atriði kjarasamnings eru ekki uppfyllt af hálfu vinnuveitanda verður að gera við það athugasemd ella eiga á hættu að missa rétt þar sem „tómlæti“ hafi verið sýnt við að gera athugasemd tímanlega þótt tímarammi sé ekki í kjarasamningi eða lögum hvað kjarasamningsbundin atriði varðar.

Margir dómur hafa fallið þar sem gerð er rýmri túlkun þegar um er að ræða kjarasamningsbundin atriði og töluvert svigrúm verið veitt. Nú er breyting að



verða á því og má þar nefna dóm í Hæstarétti í lok varðandi Skagann þar sem deilt var um að tómlæti hafi verið sýnt við að gera athugasemd við að ekki var staðið við rétt á 11 tíma hvíldartíma starfsmanns samkvæmt kjarasamningi. Málið vannst í Héraðsdómi og fyrir Landsrétti en svo var mjög óvænt gefið áfrýjunarleyfi til Hæstaréttar þar sem málið var fellt á tómlæti. Reyndar voru það hluti af rökum dómsins að um hafi verið að ræða trúnaðarmann stéttarfélagsins og hefði hann átt að vita betur.

Fleiri mál hafa komið okkur á óvart þar sem málið er fellt á tómlæti og okkur sýnist að atvinnurekandi geti brotið á starfsmanni og komist upp með það ef ekki er gerð athugasemd innan 3 mánaða. Þetta er alvarleg staða og var málið rætt í Miðstjórn ASÍ í dag. Helst eru það tvær leiðir sem menn sjá til að bregðast við þessu þ.e. að fara með það í Mannréttindadómstól Evrópu og svo að fara fram á lagabreytingu hjá Alþingi. Stillt verður upp viðbragðáætlun hjá ASÍ sem verður lögð fyrir næsta fund Miðstjórnar og verður þessu máli fylgt hart á eftir.

Umræður.

5. Nefndarstörf

Ragnar Þór sagði frá því að nú væru störf flestra nefnda hafin og byrjað að móta starfið framundan. Það er kraftur í fólki og gott að koma þessu af stað áður en sumarleyfin hefjast.

Umræður.

6. Starfsreglur stjórnar VR

Ragnar Þór sagði að samkvæmt reglum þyrfti að taka fyrir til samþykktar starfsreglur stjórnar VR einu sinni á ári. Við gerðum breytingar í fyrra en í ár liggja ekki fyrir neinar breytingatillögur og hafa reglurnar legið fyrir óbreyttar. Engar athugasemdir voru gerðar við starfsreglurnar af fundarmönnum og bar Ragnar Þór óbreyttar starfsreglur stjórnar VR upp til atkvæða.

Samþykkt samhljóða.

7. Launarannsókn VR

Stefán lagði fram skjölin „Launarannsókn 2019 – starfsheiti“ dags. 7. maí 2019 og „Launarannsókn VR 2019 – launasamanburður á Mínum síðum“. Í máli hans kom m.a. fram að síðustu tvo áratugi hafi launakönnun VR verið gerð árlega meðal fullgildra félagsmanna VR. Svörun hafi jafnan verið lökust í yngsta aldurshópnum og í launakönnun 2018 hafi komið 6.314 svör og niðurstöður birtar í maí eins og venja er.

Nú verður ekki gerð launakönnun árið 2019. Í staðin kemur launarannsókn VR sem er gerð á Mínum síðum á vef VR undir heitinu Mín laun. Þar skrá félagsmenn starfsheiti og vinnutíma og miðað er við að lágmarki 60% starfshlutfall sem er uppreiknað. Við gerðum átak í upplýsingasöfnun haustið 2018 og verður það endurtekið nú í haust. Við höfum nú fengið 10.850 skráningar og er það mun meira en í launakönnuninni og auðvitað er um að ræða rauntölur en ekki tölur sem fólk færir inn jafnvel „eftir minni“. Þannig erum við með betri gögn en í könnuninni og getum alltaf keyrt þetta út með nýjustu tölum.

Stefán fór nú yfir helstu atriði framkvæmdar og rannsókn á launamun kynjanna sem verður gerð af utanaðkomandi sérfræðingi í ár en byggt er á Mínum launum á Mínum síðum og unnið áfram með aðferðafræðina í Hagdeild VR til að fylgjast með þróun á launamuninum.

Samkvæmt niðurstöðum launarannsóknar VR í febrúar 2019 eru heildarlaun í VR að meðaltali 652 þúsund kr. og grunnlaun að meðaltali 644 þúsund kr.

Umræður.

8. Þýðingar á efni frá VR

Stefán lagði fram skjalið „*Minnisblað til stjórnar – þýðingar á ensku á vef og fundum*“ dags. 3. maí 2019 frá Þróunarsviði VR en það er niðurstaða fundar framkvæmdastjóra og formanns með starfsmönnum sviðsins þar sem rætt var um leiðir til að bæta þýðingar á efni frá félaginu fyrir erlenda félagsmenn. Þetta mál hefur verið í umræðunni og vorum við að skoða þetta í samhengi við ábendingar frá stjórnarmönnum. Spurningin er bara hve langt eigi að ganga í þýðingum en benda má á að Efling stéttarfélag hefur staðið sig vel í þessum málum og lagt mikið uppúr erlendum þýðingum enda erlent fólk fjölmennt í Eflingu. Það hefur þó reynt mikið á starfið hjá þeim þar sem mikið af starfsfólki er upptekið við þýðingar.

Hjá okkur erum við með vefinn vr.is á ensku þar sem öll helstu atriði kjaramála, þjónustu og sjóða er á ensku. Síðan er hluti umsóknarsíðu um orlofshús á ensku en ekki t.d. lýsingar á búnaði húsa en þar eru þó með skýringarmyndir. Handan við hornið er ensk útgáfa af Mínum síðum.

Það sem hefur vantaði á ensku varðandi vefinn eru fréttir og tilkynningar. Einnig greinar úr VR blaði eða Efnahagsyfirliti VR, ályktanir stjórnar og ávörp eða greinar formanns. Svo og ýmsar auglýsingar og fréttir sem hafa verið sett á samfélagsmiðla. Þetta hefur ekki verið þýtt.

Varðandi viðburði eins og Fyrirtæki ársins, 1. maí, kaffi eldri félagsmanna, morgunverðarfundum um ýmis mál og námskeið þá höfum við, hingað til, ekki verið með þýðingar/túlkun þar en gera á tilraun með námskeið á ensku fyrir trúnaðarmenn í haust og einn hádegisverðar fyrirlestur og sjá hvernig það gengur.

Við höfum nýlega boðið uppá túlkun á mikilvægum fundum svo sem fundi varðandi verkföll og kynningar kjarasamnings á Hilton hóteli. Aðeins einn aðili nýtti sér túlkun á fundi um verkföll og 10 nýttu túlkun á fundi fyrir kjarasamning. Kostnaður við túlkun á einum fundi er um kr. 300 þús. (túlkur 50 þús. og tæki og tæknimaður 235.000 kr.). Þess ber einnig að gæta að ekki allir staðir sem við notum bjóða uppá slíka þjónustu og þyrfti þá að reyna að útvega búnað utanfrá.

Niðurstaðan er sú að leggja til breytingar sem hægt er að vinna innanhúss og án mikils viðbótarkostnaðar. Á enska vef VR verði komið fyrir fréttaramma sambærilegum þeim sem er á íslenska vefnum og þar speglist allar fréttir og tilkynningar sem koma á íslenska vefinn en með þeim hætti að einfaldar og stuttar tilkynningar (t.d. opnun tjaldsvæðis, úthlutunardagar orlofshúsa, dagsetning aðalfundar oph.) sé þýtt að fullu en að lengri fréttir, greinar, ályktanir oph. verði þýtt í örstuttri samantekt (2 – 4 setningar). Þegar við deilum fréttum á Facebook þá verði tilvísun í ensku fréttina/samantektina („See English version here“). En miðað við tilkostnað og litla notkun leggjum við til að fyrirkomulag verði óbreytt varðandi þýðingar á fundum þ.e. að við bjóðum aðeins uppá túlkabjónustu á mjög mikilvægum fundum er snerta kjarasamninga.

Umræður.

Fundarmenn voru sammála því að fara þessa leið eins og lagt er til hér að ofan.

9. Gjafabréf VR hjá Ícelandair

Ragnar Þór lagði fram skjalið „*Minnisblað – Gjafabréf Ícelandair*“ dags. 8. maí 2019. Kom fram hjá honum að eftir gjaldþrot WOW air hefur komið upp sú hugmynd að auka fjölda gjafabréfa sem félagsmenn mega kaupa. Í dag eru reglurnar þannig að hver félagsmaður má kaupa tvö gjafabréf hjá Ícelandair og hann mátti einnig kaupa tvö gjafabréf hjá WOW air meðan það var. Tillaga er að fjölga gjafabréfum hjá Ícelandair í fjögur á ári fyrir hvern félagsmann.

Þessi tilhögun myndi ekki kosta okkur meira í niðurgreiðslu heldur en verið hefur því það sem bætist við kemur á móti því sem fellur niður vegna WOW air.



Umræður.

Í umræðum kom fram að allir fundarmenn voru jákvæðir fyrir þessari breytingu og samþykkir því að við myndum fjölga í fjögur gjafabréf Icelandair á ári fyrir hvern félagsmann.

Undir þessum dagskrárlið hófust nú mjög miklar og almennar umræður um umhverfismál. Að loknum þeim umræðum var ákveðið að stofna Umhverfisnefnd VR og bauð Ragnar Þór fundarmönnum að bjóða sig fram til setu í nefndinni. Eftirfarandi buðu sig fram og munu skipa hina nýju Umhverfisnefnd VR:

Umhverfisnefnd VR

Björn Kristjánsson,
Dóra Magnúsdóttir
Friðrik Boði Ólafsson
Helga Ingólfssdóttir
Ingibjörg Ósk Birgisdóttir
Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir

Fundi var slitið kl. 20:30
Árni Leósson, fundarritari